

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um verktakakostnað embættis sérstaks saksóknara og embættis héraðssaksóknara.

1. *Hver hefur kostnaður embættis sérstaks saksóknara og embættis héraðssaksóknara verið vegna aðkeyptrar ráðgjafar og þjónustu verktaka á árunum 2010–2017?*

Kostnaður embættis sérstaks saksóknara og embættis héraðssaksóknara vegna aðkeyptrar ráðgjafar og þjónustu verktaka á árunum 2010–2017 var 624.857.557 kr. og er skipting milli ára eftirfarandi:

2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
162.053.585	140.635.526	165.852.195	108.453.972	28.089.888	7.358.382	6.638.805	5.775.204

2. *Fyrir hvaða verkefni var þjónustan keypt, af hverjum og hve háar voru greiðslur til hvers og eins?*

Sjá fylgiskjal.

3. *Hverjir voru skráðir stjórnarmenn lögaðila sem þjónustan var keypt af á hverjum tíma? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Veigamikla úttekt þyrfti að gera til þess að veita upplýsingar um skráða stjórnarmenn lögaðila á hverjum tíma. Slík úttekt yrði það umfangsmikil að ekki er hægt að svara þeim hluta fyrirspurnarinnar í stuttu máli, sbr. 1. mgr. 57. gr. þingskapalaga.

Fylgiskjal.

Yfirlit, sbr. 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s2083-f_I.pdf